

Nr. 1517

18. desember 2020

## GJALDSKRÁ fyrir kattahald í Akureyrarbæ.

1. gr.

*Skráningargjald.*

Við skráningu kattar skal greiða skráningargjald kr. 2.500.

2. gr.

*Eftirlitsgjald.*

Árlega skal greiða eftirlitsgjald vegna kattar kr. 2.500.

3. gr.

*Handsömunargjald.*

Gjald vegna handsömunar kattar greiðist við afhendingu kr. 30.000.

Að auki skal greiða daggjald kr. 3.500, fyrir hvern heilan dag, fyrir þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi kattar, þ.m.t. útkall dýraeftirlitsmanns, föðrun og auglýsingar.

Óskráða ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, með heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir kattahald í Akureyrarkaupstað nr. 41/2017.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Frá 1. janúar til 30. júní 2021 verður skráning katta gjaldfrjáls.

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrarbæjar, 15. desember 2020.

*F.h. Akureyrarbæjar, 18. desember 2020,*

**Inga Þöll Þórgnýsdóttir** bæjarlögmaður/persónuverndarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. janúar 2021